Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 2. mars 2026 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Jóhannes B. Sigtryggsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttir. Eva María Jónsdóttir mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing 2026

Málræktarþing verður haldið fimmtudaginn 24. september í Eddu. Efni þingsins er „íslenska og snjalltækin“. Eftirtaldir flytja erindi á þinginu:

Anna Nikulásdóttir, Grammatek
Atli Jasonarson, Árnastofnun
Iris Edda Nowenstein, HÍ
Lilja Dögg Jónsdóttir, Almannarómi
Stefán Ólafsson, HR

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2026 er í vinnslu.

2) Samstarfsþingið Íslenskukennsla á tímamótum

Málþingið verður haldið miðvikudaginn 6. maí í Eddu. Eftirtaldir flytja erindi á málþinginu:

Auður Pálsdóttir
Ármann Jakobsson
Elín Þöll Þórðardóttir
Sigríður Ólafsdóttir

Eva María Jónsdóttir verður fundarstjóri á málþinginu og Auður Pálsdóttir mun stjórna pallborðsumræðum að loknum erindum.

Stefnt er að því að gefa út Málfregnir með efni tengt málþinginu áður en málþingið verður haldið.

3) Útgáfa ritreglna

Unnið er að endurskoðun ritreglna og er stefnt að því að því verki verði lokið fyrir áramót.

4) Önnur mál

Tilnefning fulltrúa í mannanafnanefnd

Hrafn Sveinbjarnarson og Tinna Frímann Jökulsdóttir hafa verið tilnefnd í mannanafnanefnd sem fulltrúar Íslenskrar málnefndar.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.40.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.